



Hér má sjá yfirlit yfir þá fyrirlestra sem samskiptaráðgjafi íþróttar- og æskulýðsstarfs býður upp á.

- ❖ Hver fyrirlestur tekur yfirleitt um klukkustund með umræðum.
- ❖ Mikilvægt er að vera í samráði við samskiptaráðgjafa um hvort forráðamenn eru með á fyrirlestrum eða hvort hafður er sérstakur fyrirlestur fyrir þá.
- ❖ Samskiptaráðgjafi þarf upplýsingar um ef mál sem tengist efni fyrirlesturs hefur verið í gangi, til að hægt sé að sérsníða efni fyrirlestrar í samræmi eða með tilliti til málsins.

Hatursorðræða

- Farið er yfir hvað hatursorðræða er
- Afleiðingar og áföll sem tengjast hatursorðræðu
- Hvað er hægt að gera til að uppræta slíkt innan hópsins, félagsins
- Viljum við vera hluti af samfélagi sem samþykkir hatursorðræðu?

Samskipti innan hópa

- Hvernig er góðum samskiptum háttað?
- Hvað er jákvætt og hvað er neikvætt í samskiptum?
- Hvernig hvetjum við hvert annað?
- Hvernig látum við vita ef samskipti eru ekki í lagi?
- ALLTAF haldinn fundur líka fyrir foreldra ef um er að ræða iðkendur undir 18 ára
- Boðið upp á að gera samskiptasáttmála, bæði iðkendum og foreldrum

Þjálfarar mega setja mörk

- Fræðsla fyrir þjálfara og aðstoðar þjálfara
 - viljum íþróttastjóra, formenn, framkvæmdastjóra með á þennan fyrirlestur
- Hvernig er iðkendum og foreldrum sett mörk?
- Hvað ber að varast í þjálfun?
- Hvernig erum við með jákvæða þjálfun?
- Hvaða kvartanir berast helst til samskiptaráðgjafa vegna þjálfara?
- Hvernig bregðast þjálfarar við ofbeldi eða frásögn af ofbeldi í garð iðkenda?



Stafrænt ofbeldi

- Hvernig birtist stafrænt ofbeldi?
- Hvað er hægt að gera í málinu?
- Alvarleiki stafræns ofbeldis
- Fyrirlestrar þurfa að vera bæði fyrir iðkendur og foreldra ef iðkendur eru undir 18 ára
- Gjarnan í samstarfi við samfélagslöggar (sérstaklega ef málið er á borði lögreglunnar)

Kynferðislegt ofbeldi og/eða áreiti

- Sérniðum hvern fyrirlestur eftir því máli sem hefur komið upp innan félagsins
- Yfirleitt fyrirlestur bæði fyrir foreldra og iðkendur
 - Ýmist saman eða í sitthvorum lagi

Fræðsla fyrir fararstjóra

- Hvað þarf að hafa í huga
- Ferðir utan- og innanlands
- Ábyrgð og skyldur sem fararstjóri
- Stuðningshlutverk foreldra og félags
- Trúnaður vegna upplýsinga

*** Gátlista vegna ferða er að finna í verkfærakistu á heimasíðu samskiptaráðgjafa**

Kynning á samskiptaráðgjafa íþróttar- og æskulýðsstarfs

- Kynning á starfsemi og til hvers samskiptaráðgjafi er og fyrir hver
- Hentar þjálfurum, starfsfólki og í raun öllum sem koma að íþróttastarfi
- Mikilvægt að einstaklingar viti hvert þeir geti leitað telji þeir á sér brotið eða brotalöm í starfi síns félags

Kynning á Viðbragðsáætlun íþróttar- og æskulýðsstarfs

- Hvað er að finna í viðbragðsáætluninni
- Gott að kunna að leita í henni
- Leysir oft fyrstu viðbrögð
- Láta vita ef eitthvað vantar í hana til að bæta við
- Leysir aldrei 112 af hólmi ef um alvarleg yfirstandandi atvik er að ræða



❖ Sérniðnir fyrirlestrar um efni sem óskað er eftir.